

# Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

**98. fundur, haldinn í Húsinu, Staðarbergi 6. þriðjudaginn 29. mars 2016 kl. 20:00**

**Fundinn sátu:** Bjarki Steinar Viðarson, Katrín Rós Þrastardóttir, Tinna Sigurðardóttir, Eva Rut Reynisdóttir, Bryndís Björk Bergsdóttir, Viktor Breki Auðunsson, Kristína Reynisdóttir og Árni Svavar (starfsmaður)

**Afboða:** Breki Dagur Jónsson, Egill Steinar Sturluson og Ína Kathinka Grönvold

**Fundargerð ritaði:** María Birna Jónsdóttir, starfsmaður Ungmennaráðs

## Dagskrá:

### 1. Fundarstjóri

*Samþykkt að Tinna Sigurðardóttir sjái um undirbúning og stýri næsta fundi sem verður 12. apríl 2016*

### 2. Hittingur – Ungmennaráð Hornfjarðar

*Drög er komin að dagskrá. En bæði ungmennaráðin fara saman á félagsmálanámskeið, Sýndu hvað í þér býr, sem UMFÍ stendur fyrir föstudaginn 8. apríl. Einnig verða ráðin með kynningar á sínum ungmennaráðum og deila þannig reynslu og þekkingu.*

### 3. Siðdegis hittingur

*Stefnt er að hitta bæjarfulltrúa í spjall. Farið verður yfir það sem rætt var um á ungmennahæðingum 2016 og ýmis önnur mál sem varða ungt fólk í Hafnarfirði. Starfsmaður kannar með tímasetningu.*

### 4. Ungmennahæðing 2016

*Ungmennaráð Hafnarfjarðar ásamt starfsmönnum félagsmiðstöðvarinnar Vitans stóðu fyrir Ungmennahæðingum þriðjudaginn 15. mars sl. í Lækjarskóla. Þingið, sem var öllum unglingum á aldrinum 13-18 ára opið, var ætlað að gefa tækifæri til þess að ræða málefni ungs fólks í*

*Hafnarfirði. Bæjarstjórnin, Haraldur L. Haraldsson setti þingið. Fulltrúar Ungmennaráðs Hafnarfjarðar, þær Lára Rós Friðriksdóttir og Ína Kathinka Grönvold Steinþórsdóttir, héldu einnig ræðu ásamt kynningu á fyrirkomulagi Ungmennafélagsins. Í upphafi þings var í boði að skrá niður hugmyndir á veggspjöld sem hengu uppi. Fjórir málaflokkar voru til umræðu: umhverfi og skipulag - hópstjórar: Bryndís Björk og Egill, skólamál - hópstjórar: Katrín Rós og Bjarki Steinar, félagslíf og menning - hópstjórar: Breki og Eva, forvarnir - hópstjórar: Lára Rós og Ína Kathinka. Fulltrúar í Ungmennaráði sáu um að stýra umræðum ásamt því að skrá niður helstu niðurstöður. Þar sem unga fólkinu var frjálst að velja sér hóp þá virtist mestur áhugi vera á skólamálum. Fjölbreyttar og skemmtilegar umræður mynduðust og er greinilegt að unga fólkið í sveitarfélaginu er tilbúið að láta til sín taka. Á þingið mættu um 60-70 ungmenni. Niðurstöður þingsins verða svo kynntar fyrir bæjarfulltrúum snemma í sumar. Nú tekur sú vinna við að fara yfir allar tillögurnar og undirbúa ræður og kynningar á því helsta.*

### **Kynning – Evrópa unga fólksins**

*Kynningin fer fram í húskynnum Evrópu unga fólksins fimmtudaginn 31. mars frá kl. 15 - 16. Þeir sem fara eru Eva, Bryndís, Viktor, Tinna, Bjarki og Katrín.*

### **Önnur mál**

*Ráðstefnan á Selfossi – Lára og Katrín greina frá henni á næsta fundi.*

**Næsti fundur áætlaður 12. apríl 2016. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:41**